

Fimmtudaginn 16. janúar 1997.

Nr. 384/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Birgi Guðmundssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Nytjastuldur. Öryggisgæsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Hrafn Bragason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 15. október 1996. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms og að ákærða verði gert að sæta framhaldi vistunar á meðferðarheimilinu að Sogni um óákveðinn tíma. Til vara er krafist staðfestingar á sakfellingu héraðsdóms og refsíákvörðunar samkvæmt aðalkröfu í ákæru.

Ákærði krefst aðallega sýknu af refsikröfum ákærvalds og að hnekkkt verði ákvörðun héraðsdóms um vistun hans á viðeigandi stofnun, til vara, að vægari ráðstafanir verði ákveðnar samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt skjal, „Stöðuskýrsla um geðheilsu“ ákærða, dagsett 5. janúar 1997, samin af Grétari Sigurbergssyni réttargeðlækni, fyrrverandi yfirlækni að Sogni. Þar kemur fram, að ákærði hafi 9. ágúst sl. verið fluttur á meðferðarheimilið að Sogni. Hafi hann á þeim tíma greinilega verið mjög geðsjúkur og í takmörkuðum raunveruleikatengslum. Hann neitaði í fyrstu allri geðlyfjameðferð, og héldust sjúkdómseinkenni hans því óbreytt næstu vikur. Þrátt fyrir alvarleg sturlunareinkenni sýndi hann ekki tilhneigingu til ofbeldis, og virtist reiði hans að mestu leyti beinast gegn stjúpa hans. Lyfjameðferð hófst 23. september, og þótt ákærði væri henni mótfallinn í fyrstu, samþykkti hann hana um síðir og hefur orðið æ sáttari við hana, eftir því sem árangur hennar hefur orðið

honum ljósari og líðan hans og raunveruleikatengsl hafa batnað. Framfarir hafa verið stöðugar og geðrænt ástand hans batnað með hverri viku. Í niðurstöðu læknisins segir hins vegar, að hann telji of snemmt, að ákærði „verði alfarið leystur úr öryggisgæslu nú þrátt fyrir verulegan bata. Þá tel ég, að fangelsisvist muni ekki bera árangur og sennilega verða skaðleg honum hvað geðheilsu varðar og batahorfur. Aftur á móti tel ég, að geðrænt ástand Birgis hafi batnað mikið á undanförunum mánuðum og að það megi fyrst og fremst þakka viðeigandi og samfelldri lyfjameðferð. Þrátt fyrir það að hann hafi áður verið augljóslega hættulegur ákveðnum aðilum við ákveðnar kringumstæður, þegar hann fékk ekki eða vildi ekki undirgangast meðferð, tel ég hann nú ekki lengur hættulegan umhverfi sínu sökum geðsjúkdóms síns á sama hátt og áður. Aftur á móti tel ég víst, að fyrri sjúkdómseinkenni hans muni taka sig upp á ný, innan fárra vikna eða mánaða, fái hann ekki viðeigandi, samfellda lyfjameðferð í framtíðinni. Slíka meðferð tel ég, að hægt sé að veita, þrátt fyrir það að Birgir sé ekki í strangri öryggisgæslu af því tagi, sem hann nú sætir.“ Þá segir læk'nirinn, að öll rýmkun á öryggisgæslu þurfi að vera háð því skilyrði, að ákærði haldi sig frá vímugjöfum og honum tryggt öruggt og reglubundið eftirlit geðlæknis og annars fagfólks.

II.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest sakarmat hans og heimfærsla til refsíákvæða. Einnig er staðfest niðurstaða hans um ósakhæfi ákærða.

Eins og fram er komið, telur Grétar Sigurbergsson réttargeðlæknir, að geðrænt ástand ákærða hafi batnað verulega, frá því að héraðsdómur gekk. Læknirinn telur bata þó ekki svo langt kominn, að rétt sé að leysa ákærða með öllu úr öryggisgæslu. Með þetta í huga þykja ekki næg efni til að breyta ákvörðun héraðsdóms um vistun ákærða á viðeigandi stofnun samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga, enda er þess kostur samkvæmt ákvæðinu að leita úrlausnar dóms, ef aðstæður breytast.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar skal greiddur úr ríkissjóði, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Guðmundsson, skal sæta vistun á viðeigandi stofnun samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 1996.

Ár 1996, mánudaginn 23. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 648/1996: Ákærvaldið gegn Birgi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. ágúst sl., gegn ákærða, Birgi Guðmundssyni, Köldukinn 21, Hafnarfirði, fæddum 12. janúar 1960, fæðingarnúmer 370, „fyrir líkamsárásir, húsbrot, nytjastuld og eignaspjöll.

I.

Að hafa síðdegis miðvikudaginn 18. október 1995, er ákærði var gestkomandi á heimili móður sinnar í fjölbýlishúsinu Kleppsvegi 6, Reykjavík, slegið húsráðanda, Ingólf Sigurðsson, nokkrum sinnum í andlit og ógnað honum með brauðhníf. Hlaut Ingólfur af árás þessari tvo litla skurði í andlitið ásamt mari og fleiðri á hægri kinn.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Að taka í heimildarleysi þriðjudaginn 16. apríl 1996 bifreið stjúp föður síns, Ingólfs Sigurðssonar, Toyota-fólksbifreið, R-65754, þar sem hún stóð við Kleppsveg 6, Reykjavík, og aka henni um götur borgarinnar og út í sjó við Nauthólsvík með þeim afleiðingum, að sjór flæddi yfir bifreiðina og hún skemmdist.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Að hafa að kvöldi fimmtudagsins 11. júlí 1996 ruðst í heimildarleysi inn á heimili móður sinnar, Sessellju Guðmundsdóttur, og stjúpa, Ingólfs Sigurðs-

sonar, að Kleppsvegi 6, Reykjavík, og ráðist á Ingólf, sem er á níráðisaldri, fellt hann í gólfíð, sest ofan á hann og veitt honum alvarlega áverka á báðum augum með því að stinga fingrum djúpt meðfram augunum og undir þau með þeim afleiðingum, að augnvöðvar slitnuðu, slímhimnur sköðuðust og hægra augnlok rifnaði að mestu af. Þá fékk Ingólfur maráverka á háls og vinstri síðu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

IV.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Til vara er þess krafist, að ákærða verði gert að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun, sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga.

Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður gerir þá kröfu í málinu fyrir hönd Ingólfs Sigurðssonar, kt. 200814-7469, Kleppsvegi 6, Reykjavík, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 4.000.000 kr., auk kostnaðar, 35.000 kr.“.

I.

Ekki þykja efni til að taka til greina frávisunarkröfu verjanda ákærða, að því er þennan kafla varðar.

Málavextir eru þeir, að síðdegis miðvikudaginn 18. október sl. voru lögreglumenn kvaddir að heimili móður ákærða og stjúpöður hans að Kleppsvegi 6 hér í borg, 5. hæð. Ákærði hafi verið þar gestkomandi. Í frumskýrslu Þórbjörns Sigurðssonar lögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dómnum, segir, að er þeir lögreglumenn komu á vettvang, hafi móðir ákærða, Sesselja Guðmundsdóttir, sagt, að ákærði, sem væri geðsjúklingur, hefði fyrirvaralaust og að tilefnislausu ráðist á stjúpöður sinn, Ingólf Sigurðsson, þar sem hann sat og horfði á sjónvarp. Hafi ákærði ásakað hann um, að hann væri að ónáða sig allar nætur, og ógnað honum með hnífi og slegið hann nokkrum sinnum í andlitið. Við það hafi Ingólfur fallið í gólfíð. Sesselja hafi þá reynt að slá ákærða og hann þá hætt og hlaupið út. Ingólfur var fluttur með neyðarbíl á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans. Samkvæmt læknisvottorði Leifs Jónssonar, læknis deildarinnar, voru tveir litlir skurðir og lítið mar og fleiður á vinstri kinn. Voru skurðirnir saumaðir með fimm sporum. Í málinu liggja frammi ljósmyndir, er sýna þá áverka, sem lýst er í vottorðinu.

Daginn eftir lagði Ingólfur fram kæru á hendur ákærða. Við þá yfirheyrslu kvað hann ákærða og Sesselju hafa verið inni í eldhúsi, og hafi ákærði komið fyrirvaralaust inn í stofu, hvolfst sér úr stól, sem hann sat í, slegið sig ítrekað í andlitið og kvalið sig á ýmsa vegu. Hann hafi borið á

síð staðlausar ásakanir og ógnað sér með hnífi, sem ákærði sótti inn í eldhúsið, en fljótlega lagt hnífinn frá sér. Kvaðst Ingólfur hafa verið útataður í blóði og óttaðist, að ákærði myndi drepa sig.

Ákærði vildi ekki tjá sig við rannsókn málsins.

Við meðferð málsins kannaðist ákærði ekki við, að hann hefði ógnað Ingólfi með brauðhnífi, vel gæti verið, að hann hefði slegið hann, enda hefði Ingólfur tekið upp hníf að fyrra bragði. Ef hann hafi ógnað Ingólfi með hnífnum, hafi hann örugglega gert það í sjálfsvörn, enda hafi Ingólfur áður skipað móður sinni að ógna ákærða með hnífi. Ingólfur hafi beitt hann andlegum pyndingum. Ákærði kvaðst vera að missa sjón á báðum augum „gagnvart mörgu“, en starfaði með hinum og þessum miðlum.

Móðir ákærða, Sesselja, kom fyrir dóminn og kvað ákærða hafa komið í mat til þeirra hjóna. Ingólfur hafi setið inni í stofu og horft á sjónvarp, en þau mæðgin hafi verið í eldhúsinu. Ákærði hafi sagt, að hann ætlaði ekki að borða, og engum togum hafi skipt, að hann hafi farið inn í stofu og ráðist á Ingólf. Hún hafi ætlað að verja Ingólf með því að slá son sinn með annarri af tveimur hækjum, sem hún gengur við, en ekki verið nógu fljót að ná til hans. Hún hafi því ekki séð atlöguna, en heyrt veinin og séð áverkana á Ingólfi. Hann hafi ekkert tilefni gefið til árásarinnar. Ákærði hafi verið með hníf, sem hann náði í fram í eldhús, og hafi hann síðar hent hnífnum undir píanóið í stofunni, en Ingólfur hafi ekki verið með hníf í það skipti. Hins vegar hafi hann í annað skipti skipað sér að stinga ákærða með hníf, hverju hún hafi neitað.

Við yfirheyrsluna hjá lögreglu daginn eftir sagði Ingólfur, sem er 82 ára að aldri, að hann hefði setið við sjónvarpið í stofunni, er stjúpsonur sinn, ákærði, hvolfdi sér úr stólnum, hefði ráðist á sig og sparkað í sig og slegið margsinnis í höfuð. Hann hefði orðið eitt flakandi sár. Ákærði hefði sótt hníf inn í eldhúsið og beint honum að sér, en fljótlega lagt hann frá sér. Við meðferð málsins minnti vitnið, að ákærði hefði ógnað sér með hnífnum í síðara skiptið, er hann réðst á sig, sbr. III. kafla ákæru, en var ekki viss, í hvort sinnið það hefði verið, og vísaði í því efni til lögregluskýrslu sinnar, en þá hefði hann munað atburði betur. Hann minntist þess, að hann hefði náð hnífnum, er hann lá á gólfinu, og tekist að stinga honum undir píanó í stofunni. Hann hefði verið alveg grandalaus og óviðbúinn árásinni. Ákærði hefði engar skýringar gefið á verknaðinum, en haft á orði, að það væri eftir „að ganga betur frá honum“.

Með framburði Ingólfs Sigurðssonar, sem fær stuðning í framburði Sesselju Guðmundsdóttur, áverkavottorði og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi ráðist að Ingólfi með þeim hætti, sem í þessum kafla

ákæru greinir, og veitt honum þá áverka, sem þar er lýst. Varðar verknaður hans við tilgreind ákvæði í þessum kafla ákæru.

II.

Með skýlausri játningu ákærða við rannsókn og meðferð málsins, sem er í samræmi við önnur gögn, þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þau brot, sem honum eru að sök gefin í II. kafla ákæru og þar eru réttilega heimfærð til refsíákvæða.

III.

Málavextir eru þeir, að um kl. 22.40 að kvöldi fimmtudagsins 11. júlí sl. voru lögreglumenn enn kvaddir að heimili móður ákærða og stjúp föður hans. Í frumskýrslu Haralds Eyjars Grétarssonar lögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dómnum, segir, að er þeir lögreglumenn komu á vettvang, hafi ákærði setið á tröppunum utan dyra og beðið þeirra. Um svipað leyti hafi borið að sjúkrahúsfreið. Er lögreglumenn komu á 5. hæð, tók þar á móti þeim móðir ákærða, Sesselja, sem kvað Ingólf Sigurðsson vera inni í stofu mikið slasaðan. Sat hann þar á gólfi og var alblóðugur á andliti og hálsi. Var sýnilegt, að hann hafði áverka á báðum augum, og var hann fluttur í sjúkrahúsfreið á slysadeild Borgarspítalans, en þaðan á augnlækningadeild Landakotsspítala. Skemmdir voru á dyrakarmi, en móðir ákærða kvað hann hafa brotið og sparkað upp hurðinni, ýtt sér til hliðar og ráðist á Ingólf. Í viðtali lögreglumanna við ákærða kom fram, að hann hefði stungið stjúp föður sinn í augun vegna þess, að hann hefði beitt sig andlegu ofbeldi, og vildi hann fá réttláta dómsmeðferð, en ekki fara í hendur geðlækna. Ákærði kvaðst hafa hent skrífu inni í íbúðinni eftir verknaðinn.

Ákærði var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald daginn eftir til 9. ágúst sl., og jafnframt var honum gert að sæta á þeim tíma geðheilbrigðisrannsókn. Af hálfu ákærða var úrskurðurinn kærður til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann 16. sama mánaðar. Með úrskurði héraðsdóms 9. ágúst sl. var ákærða gert að sæta vistun á réttargeðdeildinni á Sogni, uns dómur gengi í málinu, þó eigi lengur en til kl. 16.00 í dag. Úrskurðurinn var staðfestur með dómi Hæstaréttar 13. ágúst sl. Þá lá fyrir læknisvottorð Sigurðar Helga Hektorssonar, fangelsislæknis Hegningarhússins, um, að vegna geðhaga ákærða væri ekki unnt að vista hann í fangelsi. Segir meðal annars í vottorðinu, að geðskoðun hans á ákærða 7. ágúst sl. leiði í ljós, að ákærði hafi öll einkenni geðveiki. Hann sé mjög ör, hugsun sé trufluð, og hann sé augljóslega með ranghugmyndir á mjög háu stigi. Ljóst sé, að ákærði sé mjög veikur, og brýnt að vista hann á viðeigandi stofnun án tafar. Ákærða

var tekið blóð til alkóhólrannsóknar um kl. 1.00 aðfaranótt 12. júlí, og jafnframt var hann skoðaður af geðlækni. Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði mældist ekkert alkóhól í blóði.

Við vettvangsrannsókn tæknideildar RLR var vettvangur ljósmyndaður, og sýndu myndir blóðferla á gólfi í stofu við stól og stofuborð og blóðugt handklæði. Þá voru ummerki á stigagangsdryum íbúðarinnar eftir innbrotið.

Ingólfur Sigurðsson var yfirheyrður við rannsókn málsins 15. júlí sl. og við meðferð þess. Kvað hann ákærða hafa komið í heimsókn til þeirra Sesselju sem oftast umrætt kvöld. Móðir ákærða hefði gefið ákærða að borða, en Ingólfur kvaðst hafa haldið sig afsíðis, þar sem hann vildi ekki láta ákærða sjá sig. Ákærði hefði síðan farið í bíó, en komið stuttu síðar og sagt, að hann gæti ekki fylgst með myndinni, þar sem hann væri alltaf með þau Sesselju fyrir augunum, því að þau hefðu stolið úr sér augunum. Hann hefði farið, en komið aftur skömmu síðar. Þau hefðu ekki viljað hleypa honum inn og hann þá brotið upp dyrnar að íbúðinni og komið þjótandi inn, ýtt móður sinni til hliðar, svo að hún féll við, og komið rակleiddis að hægindastól, þar sem hann sat og var að horfa á sjónvarpið. Engum togum skipti, að ákærði velti sér úr stólnum. Kvaðst Ingólfur hafa dottið í gólfið, en ákærði sest ofan á sig kloffega og lamið sig sundur og saman og sparkað og nuddað stöðugt með hnúunum ofan í augun og klórað í þau með nöglum. Hann hefði reynt að verjast, en það ekki tekist, enda um ójafnan leik að ræða. Ákærði hefði að lokum hætt, staðið upp og rokið út. Töluvert hefði blætt úr augum sér og sjúkralið komið skömmu síðar og flutt sig á sjúkrahús. Kvað hann ákærða oft hafa hótad þeim Sesselju lífláti, hann væri mjög uppstökkur og bráðlátur, og þess þyrfti ævinlega að gæta að reita hann ekki til reiði. Þau væru mjög hrædd við hann, þar sem hann væri mjög ofstopafullur, ef hann reiddist. Ingólfur sagði, að ekki væri unnt að bjarga hægri auganu. Hann væri með tvísýni, og væri vafasamt, hvort unnt yrði að laga það, en hann þyrfti að hafa lepp fyrir hægri auga næstu mánuði. Þá fyrst kæmi í ljós, hvort hægt væri að laga svo augað, að hann næði fullri sjón. Unnt hefði verið að bjarga vinstra auga, svo að hann gæti lesið, og hann væri fær um að aka bifreið milli húsa. Hann gæti lesið og horft á sjónvarp, en þar sem hann væri haldinn tvísýni á hægri auga, gæti hann ekki beitt því. Það auga væri nú alveg lokað.

Ingólfur kvaðst vera viss um, að ákærði hefði engu verkfæri beitt, hvorki skrífu né öðru, þegar hann veitti sér áverkana á augun.

Móðir ákærða, Sesselja, var yfirheyrð við meðferð málsins, en við rannsókn þess neytti hún réttar síns samkvæmt b-lið 50. gr. laga um meðferð

opinberra mála nr. 19/1991. Hún kvað ákærða hafa hringt dyrabjöllunni og talað við sig í dyrasímann niðri og beðið sig að fá að koma inn og tala við þau Ingólf. Hún hefði neitað því. Skömmu síðar hefði verið barið að dyrum að íbúð þeirra og hún kannast við rödd sonar síns, sem lést vera að selja merki. Hún hefði ekki verið nógu fljót að átta sig, ella hefði hún hringt í lögreglu. Engum togum hefði skipt; hann hefði sparkað upp hurðinni og brotið upp, ýtt sér frá og ráðist á Ingólf með hnúunum. Hún hefði ekki reynt að ganga í milli þeirra, því að ákærði hefði verið í æðiskasti, heldur kallað á hjónin í íbúðinni á móti og beðið þau að hringja í lögreglu. Ákærði hefði þá farið fram á gang, sest í stigann og sagt við konuna, sem hringdi: „Ásdís mín, hringdu á sjúkrabíl líka, ég er búinn að slasa Ingólf.“ Sessleja kvaðst ekki hafa séð ákærða stinga fingrunum í augun á Ingólfi, enda sæi hún illa, en í því bili hefði komið lögregla og sjúkralið. Hún kvað son sinn vera eins og tvo menn, í lagi annan daginn, en umturnast hinn út af engu. Hún kvaðst hafa gifst Ingólfi, er ákærði var 13 ára gamall. Þeir hafi alla tíð verið afbrýðisamir hvor út í annan. Ingólfur hefði ekki sýnt ákærða þolinmæði. Hún kvaðst aldrei hafa orðið þess vör, að ákærði sýndi öðrum en Ingólfi ofbeldi. Farið hefði að bera á geðsjúkdómi hans fyrir um 13 árum, eftir að hann skildi við konu sína, sem hann átti með einn son. Hann hefði rekið fiskbúð á sínum tíma og verið mjög duglegur. Hann hefði tekið nærri sér að fá aldrei að sjá son sinn eftir skilnaðinn. Ákærði hefði búið hjá þeim Ingólfi eftir skilnaðinn. Þá hefði Ingólfur eitt sinn, er hann var búinn að fá sér í glas, verið „pirraður“ út í ákærða, látið hana fá hníf og sagt: „Stingdu hann, dreptu hann,“ en þegar hún neitaði því, hefði hann tekið gítar, sem ákærði átti, og barið hann í höfuðið með gítarnum. Þetta hefði verið fyrir allmörgum árum.

Ákærði var yfirheyrður við rannsókn málsins 12. júlí sl. og við meðferð þess. Var framburður hans á sama veg í meginatriðum. Lýsti hann aðdraganda þess, að hann kom á heimili móður sinnar og stjúp föður, á sama veg og móðir hans. Þegar móðir sín vildi ekki hleypa sér inn, hefði hann farið upp á efstu hæð í stigaganginum og dvalist þar um stund. Þar hefði hann tekið skrúfu úr dyrakarmi og farið aftur að íbúðinni. Hann hefði heyrt símasamtal móður sinnar við kaþólskan prest, og hefði hún rakið fyrir honum raunir sínar. Hefði hann þá brotið upp hurðina og rokið inn í stofu, þar sem stjúpi sinn sat í stól, fellt hann á gólfið og stungið með skrúfunni í bæði augu, en fleygt svo frá sér skrúfunni í íbúðinni. Þessu næst hefði hann farið fram á stigaganginn og beðið stúlku, sem býr þar á sömu hæð, að hringja í sjúkrabíl. Hann kvaðst hafa gert þetta, þar sem honum væri í nöp við stjúpna sinn, sem hefði komið illa fram við sig og móður sína. Framburður hans um

tilgang verknaðarins var mjög á reiki og illskiljanlegur. Lýsti hann því meðal annars, að stjúpi sinn væri að reyna að svipta sig öllu, sem augu sín skynjuðu, en þegar hann ynni með „vissum miðlum“, þyrfti hann að sjá vel til, þegar hann væri „niðri“. Farið hefði verið þangað, sem sál sín var geymd, og hann þá dáið „sálardaða“ og Ingólfur fengið að njóta þess að þína sig og sagt: „Nú á ég sál þína.“ Kvaðst ákærði þá hafa sagt: „Hingað og ekki lengra.“ Frásögn ákærða var öll í þessa veru.

Í vottorði Eiríks Þorgeirssonar augnlæknis 18. júlí sl. kemur fram, að Ingólfur var lagður inn í hasti á augndeild Landakotsspítala, strax og sjúkralið kom með hann um kl. 1.00 þessa nótt. Ljóst hefði verið, að nokkrir augnvöðvar voru slitnir. Auk þess hefði efra augnlok hægra augans verið rifið af að 2/3–3/4 hlutum. Ingólfur hefði farið í aðgerð snemma næsta morgun, sem tók um 3½ klukkustund. Þá segir í vottorðinu: „Skoðun í aðgerð leiddi í ljós, að á hæ. auga var efra augnlok rifið frá, frá nefrót og um 2½ cm ofan tarsus-plötu augnloksins, og lá alveg laust. Þá var djúpur skaði á slímhimnu og vöðvum augans, sérstaklega var rectus inferior-vöðvinn, sem er hreyfivöðvi niður á við, rifinn frá og slitinn að um 3/4 hlutum mjög aftarlega í augntóftinni. Slímhimna og vefir innan á augnloki voru rifnir og slitnir frá, miðlægt við nefrót og undir auga allt til kl. ca. 9. Augað sjálft virtist heilt, ekki fannst sprunga á því eða rof, ekki blóð í forhólfi eða inni í auganu, og sjónhimna er á sínum stað og einnig augasteinn. Sjóntaugarós virtist með eðlilegum lit og ekki séð í þessari skoðun, að verulegur áverki hefði orðið á sjóntauginni.

Vi. auga: Hér eru minni háttar áverkar á augnlokum, en djúpur, áþekkur áverki á slímhimnum augans, byrjar utan til á auganu og teygir sig undir augnkúluna til kl. ca. 20. Einnig kemur í ljós, að hliðlægi hreyfivöðvi augans (musculus rectus lateralis) er af slitinn að um 3/4 hlutum og neðri hreyfivöðvinn (musculus rectus inferior) er alveg slitinn laus mjög djúpt í augntóftinni; slímhimnan á öllu þessu svæði rifin og slitin. Hornhimna lítur vel út, ekkert blóð í forhólfi, augasteinn á sínum stað og ekki blóð dýpra í auganu, sjónhimna á sínum stað, og sjóntaug virðist líta vel út.

Sjúkl. telur, að ekki hafi verið notuð nein áhöld eða bitvopn, einungis berar hendurnar, og áverkinn getur vel samrýmt þessu, enda ekki skurðir á auganu sjálfu, meira eins og sljótt áhald eða fingur hafi þrýst mjög þétt að auganu og meðfram því og slitið laust vefi, eins og áður er lýst. Ljóst er, að mikið átak þarf til þess að slíta sundur augnvöðva, eins og áður er lýst, og vafalaust hefur þetta leitt til mikils togálags, einnig á sjóntaugina, þó að við fyrstu sýn sjáist ekki skaði á henni við augnbótmaskoðun.

Aðgerðin var vandasöm. Augnlok er tengt á réttan stað og vefir saumaðir saman. Líklega er lyftivöðvi augnloksins sundur tekinn, en ekki er í þessari aðgerð reynt að finna hann og tengja saman, enda mun það hugsanlega fært síðar. Hálfslitnir augnvöðvar eru saumaðir eða tengdir saman, en neðri

hreyfivöðva við augans er útilokað að sauma, enda af slitinn aftan við augað og ólíklegt, að þessi vöðvi myndi verka, þótt unnt færi að festa hann við upphaf sitt.

Við skoðun 2 dögum og 3 dögum eftir áverkann er sjón á hæ. auga ca. 0.1 og á við. auga 0.3, hæ. augnlok allmikið sigið, en hreyfist þó nokkra mm, en truflar sjón á hæ. auga. Augnþrýstingur mældist mjög hár á 2. degi, en varð betri eftir meðferð á 3. degi. Auk þessa talsverð innri bólga eftir hnjaskið, en engin blæðing sást í auganu og útlit a. ö. l. eins og áður er lýst.

Við auga stefnir upp á við, þar sem hreyfivöðvinn niður á við er slitinn, eins og áður kemur fram, og hreyfigeta einnig takmörkuð til hliðar. Hér lyftist augnlokið eðlilega. Augnþrýstingur eðlilegur, en nokkur bólga í forhólfi.

Mat: Á þessu stigi er óljóst, hvernig sjón hvors auga muni verða, og ýmsir fylgikvillar eru enn óráðnir, svo sem bólga og hækkaður þrýstingur, en ljóst er, að tvísýni mun verða langvarandi vandamál, og óljóst, hvernig úr muni rætast. Nokkur von er til þess, að efra augnlok hæ. auga muni smám saman lyftast betur án viðbótaraðgerða, en á það mun reyna á næstu vikum og mánuðum.“

Augnlæknirinn kom fyrir dóm við meðferð málsins og staðfesti framangreint vottorð. Hann kvaðst hafa skoðað Ingólf fyrir 2–3 vikum. Sagði hann Ingólf hafa allþokkalega sjón á hvoru auga fyrir sig, en augun ynnu ekki saman, svo að hann sæi eina mynd með hvoru auga, það er tvöfalt. Líklegt væri, að tvísýnin yrði til frambúðar. Úrræðin við því væru helst að byrgja annað augað og nota aðeins hitt. Það þýddi, að sjúklingurinn hefði ekki fullkomna sjón, því að sjónsviðið væri skert, þar eð annað augað næði ekki fullu sjónsviði, og væri auk þess miklu óvissari um fjarlægðar- og dýptarmat, gang og fleira. Augnhreyfingar væru talsvert skertar á báðum augum eða hvoru auga fyrir sig. Auk þessa væri hægra efra augnlok dálítið sigið og skyggði á sjónásinn, en hugsanlegt, að það myndi lyfta sér aðeins betur og unnt væri að laga það eitthvað meira með aðgerðum. Augun sjálf hafa sloppið nokkuð vel, en augnumgjörðin, vöðvar, sem stýri augunum, væru mjög skemmdir, slitnir frá aftarlega í augntóftinni, og ekki reynst unnt að tengja þá alla saman, og úr því yrði ekki bætt. Þar sem annað augnlok væri svolítið sigið, truflaði önnur myndin heldur minna en ella. Því væru áhöld um, hvort raunverulega væri eftirsóknarvert að laga það augnlok eða leyfa því að byrgja svolítið. Hann kvað ákærða geta lesið með öðru auga.

Hannes Pétursson geðlæknir var fenginn við rannsókn málsins til að kanna geðhagi ákærða. Í skýrslu hans 12. ágúst sl. kemur meðal annars fram, að ákærði hafi sótt meðferð á geðdeild Landspítalans að minnsta kosti frá árinu 1984, en auk þess hafi hann neytt áfengis og vímuefna allt frá árinu 1978. Í samtali við Tómas Zoëga, yfirlækni geðdeilda, hafi komið fram, að ákærði hafi ekki fengist til að taka geðlyf síðustu mánuði. Ákærði

hafi einnig vistast á sjúkrastöð SÁÁ að minnsta kosti nfu sinnum síðastliðinn áratug vegna áfengis- og vímuefnanotkunar. Við læknisskoðun um kl. 1.00 skömmu eftir atburð þennan hafi ákærði verið haldinn sturlun (psychosis). Ákærði hafi verið skorinn upp ungur við augnskekkju og um 18 ára gengist undir aðgerð vegna brjós-kloss. Ákærði telji, að eitthvað hafi verið tekið úr auganu, þegar hann var skorinn upp, og uppskurður á baki ekki heldur verið með felldu. „Þá voru vissir hlutir teknir úr bakinu og vissum hlutum komið fyrir, sem tilheyrðu fjölskyldu Ingólfs Sigurðssonar. Þessa hluti þarf ég að fá. Hann hefur notað það til að hjálpa fólki, hef verið geymdur hjá þessu fólki, og það á að fara að hleypa mér út. Þetta er allt mjög undarlegt.“ Svipaða sögu hafði ákærði að segja við meðferð málsins. Fram kemur í geðrannsókninni, þar sem fjallað er um aðdraganda atburðarins, að lýsing ákærða á honum hafi einkennst af ranghugmyndum og öðrum fylgikvillum þess sjúkdóms, sem hann væri haldinn, og eru þar tilgreind ýmis tilsvör ákærða þessu til stuðnings. Í ályktun geðlæknisins segir svo:

„Það er álit undirritaðs, að Birgir Guðmundsson sé haldinn formlegum geðsjúkdómi, geðklofa (schizophrenia paranoides), og að hann hafi átt við þau veikindi að stríða, þegar verknaður sá varð, er mál þetta snýst um. Eins og framangreind gögn bera með sér, hefur umrædds geðsjúkdóms gætt mörg undanfarin ár og m. a. einkennst af ranghugmyndum, sem að líkindum hafa leitt til árekstra og erfiðleika í samskiptum milli Birgis og stjúpahans. Jafnframt hefur sjúkdómurinn valdið sjúklegum breytingum í tilfinninga- og viljalífi. Birgir hefur þurft á verulegri félagslegri aðstoð að halda undanfarin ár og verið til meðferðar á geðdeildum í meira en áratug. Samhliða framangreindum sjúkdómi hefur Birgir einnig sótt sér meðferð vegna áfengissýki og misnotkunar annarra vímuefna og lyfja. Verði Birgir fundinn sekur um verknað þann, er mál þetta snýst um, er líklegt, að orsaka sé helst að leita í framangreindum ranghugmyndum og öðrum sjúklegum breytingum, sem orðið hafa á hugsanagangi, vilja- og tilfinningalífi. Það er álit undirritaðs, að á þeirri stundu, er framangreindur verknaður var framinn, hafi Birgir Guðmundsson búið við verulega skerta dómgreind og raunveruleikamat vegna framangreinds geðsjúkdóms og verði því að teljast ósakhæfur. Einnig er ljóst að mati undirritaðs, að refsing mun ekki bera árangur í þessu tilviki. Birgi er sem fyrr nauðsynlegt að njóta reglubundinnar meðferðar og eftirlits hjá geðlækni og mun áfram þurfa á verulegri félagslegri aðstoð að halda.“

Hannes Pétursson yfirlæknir kom fyrir dóminn og staðfesti ofanritaða geðheilbrigðisrannsókn sína og niðurstöðu hennar. Hann lýsti því, að hinn alvarlegi langvarandi geðsjúkdómur ákærða hefði haft í för með sér ýmsa fylgikvilla, og væru ranghugmyndir hans um stjúp föður sinn einungis hluti veikindanna. Mjög erfitt væri að segja með vissu, hvort ákærði væri hættu-

legur, þar sem veikindi þessi einkenndust töluvert af ofsóknarkenndum ranghugmyndum.

Niðurstaða.

Sannað er með framburði ákærða og vitnisburði Ingólfs Sigurðssonar og móður ákærða, Sesselju Guðmundsdóttur, sem fær stuðning í læknisvottorðum, er rakin hafa verið, og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þau brot, sem honum eru að sök gefin í þessum kafla ákæru. Með því að ryðjast í heimildarleysi inn á heimili móður sinnar og stjúpforeldur ákærði framið verknað, sem varðar við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í ákæru er sú háttsemi ekki færð til refsíákvæða. Hin hrottafengna árás ákærða, sem leiddi til þeirra stórfelldu áverka, sem að ofan greinir, þykir varða við 2. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, svo sem réttlæga er getið í ákæru.

Þegar litið er til framangreindrar geðheilbrigðisrannsóknar og vottorðs Sigurðar Helga Hektorssonar lækni, sem skoðaði ákærða þegar eftir atburðinn, svo og þess, sem fram er komið í málinu, er ljóst, að geðsjúkdómur ákærða var á því stigi, að hann var með öllu ófær um að stjórna gerðum sínum, er hann vann það verk, er fjallað er um í III. kafla ákæru, og því ósakhæfur. Fram kom í geðrannsókn Hannesar Péturssonar, að ákærði hefur verið haldinn geðsjúkdómnum geðklofa (schizophrenia paranoides) mörg undanfarin ár, sem meðal annars einkennist af ranghugmyndum, er að líkindum hafa leitt til árekstra og erfiðleika í samskiptum ákærða og stjupa hans. Brot þau, sem fjallað er um í I. og II. kafla ákæru, beindust eins og brotin í III. kafla gegn stjúpforeldur ákærða. Þegar litið er til þessa og hins alvarlega og langvarandi sjúkdóms ákærða, þykir langlíklegast, að hann hafi einnig verið haldinn sjúkdómnum á því stigi, er hann framdi þau brot, sem lýst er í þessum köflum ákæru, að hann hafi verið óábyrgur gerða sinna. Eftir þessari niðurstöðu ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvalds um refsingu í málinu, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga. Þegar litið er til brota ákærða, einkum hins alvarlega verknaðar hans 11. júlí sl., og þess, sem fram er komið um geðhagi hans, ber nauðsyn til réttaröryggis vegna að gera ráðstafanir til að varna því, að háski stafi af ákærða. Ber því samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að ákærði sæti öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Með vísan til 3. mgr. 139. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki framkvæmd öryggisgæslunnar.

Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða fyrir hönd skjólstæðings síns, Ingólfs Sigurðssonar. Lögmaðurinn var við meðferð málsins og tjáði sig um kröfuna og skýrði hana, sbr. 5. mgr. 170. gr. laga nr. 19/1991. Krefst hann þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða Ingólfi miskabætur vegna árásanna 18. október sl. og

11. júlí sl., og vísar í því efni til bótakröfu 25. júlí sl., sem frammi liggur í málinu, að öðru leyti en því, að hún er lækkuð úr 4.000.000 króna í 1.000.000 króna. Í henni kemur fram, að enn sé óljóst, hverjar endanlegar afleiðingar síðari áráðarinnar verða, en ljóst sé, að umbjóðandi sinn muni að verulegu leyti tapa sjón og hafi að auki gengið í gengum verulegar þjáningar vegna þessa. Fram kemur, að ekki sé unnt á þessu stigi að reikna út varanlega örorku, og því sé ekki gerð krafa um fjárhagslegan miska. Endanlega bótakrafan er því sem hér segir:

Bótakrafa	kr.	1.000.000
Kostnaður við		
bótakröfu	–	35.000
Samtals	kr.	1.035.000

Við meðferð málsins kom fram, að lækkun kröfunnar er studd því, sem nú er fram komið um áverka á augum Ingólfs, og vísaði lögmaður hans í því efni til töflu um miskastig, þar sem miðað er við, að varanlegur miski annars auga sé metinn til 25% miskastiga. Er í þessu sambandi vísað til 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 til hliðsjónar fjárhæð bótakröfunnar. Svo sem að framan er rakið, eru enn ekki öll kurl komin til grafar um það, hvort afleiðingar verknaðar ákærða eru eins alvarlegar og fram hefur komið í vottorði augnlæknis og framburði hans fyrir dómi, þótt ljóst sé, að hægri augnumgjörð tjónþola sé mjög sködduð og sjón þar því slæm. Í kröfugerð er ekki vikið að bótum á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga. Verður hún ekki skilin á annan veg en þann, að krafist sé varanlegra miskabóta samkvæmt 4. gr. laga 50/1993. Eins og kröfugerð er háttað og með vísan til þess, að óljóst er, hvort endanlegur miski verður á því stigi, sem hann er nú talinn, verður ekki hjá því komist að vísa miskabótakröfu tjónþola frá dómi. Eftir þessum úrslitum verður einnig að svo stöddu að vísa frá kröfu um kostnað vegna lögmannaðstoðar.

Allan sakarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Guðmundsson, skal sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.